



SKRÁNING

Skráning þarf að berast á föstudegi fyrir hvert námskeið.

Námskeið 1: 5.-9. júní

Skráning til 2. júní

Námskeið 2: 12.-16. júní

Skráning til 9. júní

Námskeið 3: 19.-23. júní

Skráning til 16. júní

Námskeið 4: 26.-30. júní

Skráning til 23. júní

Ekki verður í boði að kaupa staka daga heldur ber að greiða fyrir heilt námskeið. Krafa send í heimabanka og reikningur undir íbúagátt. Fyrir hvert námskeið þarf að gefa upp aldur barns og kennitölu greiðanda.

Fyrir hverja viku verða að vera skráð 10 börn að lágmarki, annars fellur námskeið niður.



Umsjónaraðilar

1.-3. bekk, Lilja Ýr Víglundsdóttir
sími 785 9878 Skráning í netfangið
lilja.yr@stykk.is

4.-6. bekk, Ragnar Ingi Sigurðsson
sími 820 0508. Skráning í
netfangið ragnaringi@stykk.is

 **Sumarnámskeið**

 **2023**

 Við ætlum að hafa gaman saman



Leikja og sumarnámskeið

Í sumar verður boðið upp á leikjanámskeið fyrir 1.-3. bekk og sumarnámskeið fyrir 4.-6. bekk. Á námskeiðunum er lögð áhersla á gleði og hreyfingu.

Mæting er í Setrið Skólastíg 11 og opnar húsið kl. 7:45 fyrir bæði námskeiðin. Byrjað verður alla morgna í grend við Setrið, svo þeir sem mæta seinna ættu að finna hópinn.

Námskeiðin fyrir 1.-3. bekk eru frá kl.8:00-13:00 mán.-fim. og kl. 8:00-12:00 á föstudögum.

Námskeiðin fyrir 4.-7. bekk eru frá kl.9:00-12:00. Frjálst val á báðum námskeiðum frá kl. 8:00-9:00 við Setrið og formleg dagskrá frá 9:00-12:00.

Gert er ráð fyrir að allir mæti með hollt og gott nesti fyrir kaffitíma. Ef veður leyfir verður grillað á föstudögum.

Allir beðnir um að hafa með sér vatnsbrúsa, sundföt og léttan bakpoka. (Gos, orkudrykkir og sælgæti er ekki leyfilegt) Mikilvægt að börnin séu klædd eftir veðri þar sem námskeiðin byggja á útiveru og minnum á sólarvörn.

Námskeiðin eru ekki gæsla heldur afþreying með upphafi og endi. Hvetjum foreldra til að merkja allt sem kemur inn á námskeiðin; nestisbox, töskur og föt.

Leikjanámskeið 1.-3. bekkur (2016-2014)

Námskeið 1: 5.-9. júní

Námskeið 2: 12.-16. júní

Námskeið 3: 19.-23. júní

Námskeið 4: 26.-30. júní

Hægt er að skrá eina viku í senn sem kostar **8.000 krónur**. Veittur er systkinaafsláttur, 50% með öðru systkini og ef systkinin eru þrjú er aðeins greitt fyrir tvö börn.

Nánari dagskrá fyrir hvert námskeið verður gefin út síðar.

Á leikjanámskeiðunum verður efniviðurinn sóttur í nærumhverfi. Áhersla verður lögð á útileiki og skapandi vinnu með börnunum. Á leikjanámskeiði verður grillað, farið í sund, lautarferðir, fjöruferðir, hjólaferðir, gönguferðir, ratleiki og ýmsa skemmtilega leiki.

Sumarnámskeið 4.-6. bekkur (2013-2011)

**Námskeið 1: Skylminganámskeið
5.-9. júní**

**Námskeið 2: Smíðanámskeið
12.-16. júní**

**Námskeið 3: Ævintýranámskeið
19.-23. júní**

**Námskeið 4: Ævintýranámsekið
26.-30. júní**

Hægt er að skrá eina viku í senn sem kostar **10.500 krónur**. Veittur er systkinaafsláttur, 50% með öðru systkini og ef systkinin eru þrjú er aðeins greitt fyrir tvö börn.

Skylminganámskeið: Kennd verða undirstöðuatríði ólympískra skylminga ásamt því að farið verður í ýmsa skylmingatengda leiki.

Smíðavellir: Viltu smíða kofa, bekk eða hvað sem þér dettur í hug? Þá er þetta námskeiðið. Nemendur þurfa sjálfir að koma með hamar og sög, en við verðum með timbur og nagla.

Ævintýranámskeið: Klifur, dorgveiði, hjólaþrautir, ratleikur, grill og margt fleira.